

Úthlutun Hvatasjóðs Seyðisfjarðar



miðvikudaginn, 12. maí 2021

**Ávarp Gauta
Jóhannessonar,
formanns verkefnastjórnar
Hvatasjóðs Seyðisfjarðar.**

Öllum er í fersku minni þegar risavaxin skriða ruddist yfir íbúðarhús og stóran hluta af hjarta atvinnusvæðis Seyðfirðinga fyrr í vetur. Aur var yfir öllu og mikil óvissa blasti við um framtíðina, og þá ekki síst um framtíð stórs hluta atvinnusvæðisins, sem sópast hafði að hluta á haf út.

Stjórnvöld brugðust myndarlega við því gríðarlega höggi og óvissu sem atvinnulífið á Seyðisfirði stóð frammi fyrir í kjölfar skriðanna og í samvinnu við Múlaþing og Austurbrú, settu þau á laggirnar umfangsmikið verkefni til að styðja við atvinnuuppbyggingu þar. Verkefnið spannar 215 milljónir til þriggja ára og þar er stærsti einstaki þátturinn Hvatasjóður Seyðisfjarðar, sem ætlað er að stuðla að atvinnuuppbyggingu með því að virkja frumkvæði íbúa og annarra sem tengjast byggðarlaginu og koma til móts við þá atvinnurekendur og einstaklinga í atvinnurekstri sem orðið hafa fyrir tjóni. Auglýst var eftir umsóknum í lok mars og einkenndi fjölbreytni og metnaður þær 34 umsóknir sem bárust frá 26 aðilum úr byggðalaginu. Mér er til efs að slíkur kraftur og margbreytni eigi marga sína líka. Seyðisfjörður er einstakur staður og það hefur sýnt sig svo að ekki verður um villst í verkefnunum, bæði þeim sem hlutu brautargengi og svo þeim sem okkur tókst ekki að finna farveg að þessu sinni.

Við lögðum á það áherslu við þessa fyrstu úthlutun úr Hvatasjóðinum að þeir sem hefðu orðið fyrir tjóni vegna skriðufallanna myndu njóta forgangs. Sú hefur og verið raunin en við höfum einnig ákveðið að styrkja nokkur af þeim fjölda áhugaverðu umsókna sem bárust í sjóðinn. Nokkur áhugaverð verkefni vörðuðu uppbyggingu húsnæðis fyrir skrifstofur, iðnfyrirtæki og aðra atvinnustarfsemi. Úthlutunarnefndin tók þau til hliðar og hyggst skoða nánar í tengslum við vinnu verkefnisins að kortlagningu og uppbyggingu atvinnuhúsnæðis.

Ég þakka fagræði sjóðsins og starfsmönnum Austurbrúar fyrir fagleg og góð vinnubrögð sem og félögum mínum í verkefnastjórn Hvatasjóðsins 2021. Öllum sem brettu upp ermarnar og sóttu um, vil ég þakka kærlega, og segja að ég vonast til þess að sjá ekki aðeins þau verkefni sem hlutu brautargengi að þessu sinni, heldur þær hugmyndir aðrar sem bárust, öðlast líf. Okkur var sannarlega vandi á höndum að velja úr umsóknum. Þær gefa okkur öllum ástæðu til bjartsýni um framhaldið.

Styrkþegar

<u>Umsækjandi</u>	<u>Verkefni</u>	<u>Upphæð styrks</u>
Stjórnuhlástur - Sævar Jónsson	Sandhlástursklefi	kr. 20.000.000.-

Kaup og uppsetning á sérhæfðum sandhlástursklefa til að mæta tjóni sem var í skriðuföllunum í desember sl. Nýr klefi skýtur stoðum undir atvinnustarfsemi á Seyðisfirði þar sem hann tryggir áframhaldandi vinnu í fyrirtækinu og veitir fyrirtækjum og einstaklingum þjónustu sem þeir yrðu annars að ná í út fyrir svæðið.

<u>Umsækjandi</u>	<u>Verkefni</u>	<u>Upphæð styrks</u>
Austurlands Food Coop	Maker studio	kr. 4.500.000.-

Setup of a Maker studio with a CNC router to design and manufacture reusable boxes for shipping of organic fruit and vegetables to customers and foster innovation amongst craftsmen in Seyðisfjörður. This will reduce the carbon footprint, enhancing sustainability on an environmental level and be an asset for projects in Seyðisfjörður, as businesses, designers and artists will have access to the studio with their own projects.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Bragi Blumenstein & Alfreð Alfreðsson	Austminjar	kr. 4.000.000.-

Stofnun um húsaveirnd og viðhald gamalla húsa, sem komi að uppbyggingu byggðarlagsins og flutningi húsa frá hættusvæðum og byggi upp þekkingu á endurbyggingu gamalla húsa í fjórðungnum. Unnið verði að þéttingu byggðar, flutningi húsa af hamfarasvæðinu og endurbyggingu húsa en einnig að endurmenntun iðnaðarmanna í slíkri vinnu og að því að hvetja ungt fólk í iðmenntun.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Tækniminjasafn Austurlands	Endurreisn Tækniminjasafns - Björgun safnkosts	kr. 4.000.000.-

Vinna safnvarðar og kostnaður vegna varðveislu húsnæðis (til bráðabirgða) fyrir safnkost Tækniminjasafnsins: Stór hluti safnkostsins fór undir skriðuna, mikið eyðilagðist en öðru var bjargað, í misgóðu ástandi. Þrjú hús safnsins eyðilögðust og safnatorfan öll er á hættusvæði sem ekki verður varið. Því þarf að rýma allt og flytja safnkostinn á öruggari stað. Það er nú í bráðabirgðahúsnæði. Björgun safnkostsins og aðstaða til varðveislu og vinnu við hann er grunnforsenda endurreisnar safnsins. Þetta verk er unnið í samráði við og undir faglegrri forystu Þjóðminjasafnsins og Safnaráðs.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Linus Lohman	Re-establishment of local business 'The Workshop	kr. 3.000.000.-

A boutique print shop and workshop based in Seyðisfjarður, specializing in the art of printmaking, publishing and custom framing and carpentry. The business and practice were based at the Technical Museum where everything was decimated in the landslides. This project will recover equipment and tools lost by the landslides, increase jobs and preserve the craft of printmaking in a town with a history of that.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Skafffell	Seyðisfjörður Print workshop	kr. 3.000.000.-

Project aiming to restore and expand the print workshop that was located in the Technical Museum and was lost in the 2020 landslides. The plan is to form a cooperative, and to create a shared professional printmaking and bookbinding workshop for local and visiting artists, schools, art students, and the interested public.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Austurlands Food Coop	The Filling station - Flagship store	kr. 3.000.000.-

Flagship store and cold storage for organic products in a former filling station, which was buried in mud shortly after the company had started renovating the premises. This will help finalize the work and by that secure jobs in Seyðisfjörður. The plan is to add package-free goods, such as rice, beans and other dry goods to the fruit and vegetable selection.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Ása Kristín Árnadóttir	Lokkafín	kr. 2.000.000.-

Uppbygging og enduropnun hárgreiðslustofunnar Lokkafín á Seyðisfirði, sem gjöreyðilagðist í skriðunum í desember. Markmiðið er að styðja við uppbyggingu á atvinnustarfsemi á Seyðisfirði og tryggja íbúum grundvallarþjónustu í heimabæ sínum.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
-------------------	-----------------	----------------------

Trésmíðavinnustofa Elvars	Trésmíðavinnustofa, húsgögn	kr. 2.000.000.-
----------------------------------	------------------------------------	------------------------

Trésmíðaverkstæði til að vinna að viðhaldi og viðgerðum gamalla húsa og þá sérstaklega nýsmíði glugga. Einnig er ætlunin að hefja smíði húsgagna og nytjahluta með áherslu á að viðhalda gömlum aðferðum og útfærslum sem hafa virkað í gegnum tíðina, nýta svæðisbundið hráefni, hefðbundið handverk og gera tilraunir með aðrar vinnsluaðferðir á timbri.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
-------------------	-----------------	----------------------

Halldóra K. Lárusdóttir	Herðubrauð	kr. 1.500.000.-
--------------------------------	-------------------	------------------------

Herðubrauð er samfélagsbakarí þar sem boðið verður upp á lífrænt súrdeigsbrauð, kökur og bakkelsi. Áhersla verður lögð á skapandi bakstur sem sækir innblástur í árstíðabundið hráefni frá nærumhverfi; flóru og fjörunytjar. Verkefnið er unnið í samstarfi við Herðubreið og mun öll framleiðsla fara þar fram í vottuðu iðnaðareldhúsi. Áætlað er að bakaríið verði opið fimm daga vikunnar sumarið 2021 og á helgum veturinn 2021-2022. Hvatt verður til virkrar þátttöku bæjarbúa með samstarfi við gestabakara og fjölbreyttum þemadögum.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
-------------------	-----------------	----------------------

Tækniminjasafn Austurlands	Endurreisn Tækniminjasafns - Stefnumótun	kr. 1.000.000.-
-----------------------------------	---	------------------------

Stefnumótunarvinna um framtíð Tækniminjasafns Austurlands undir forystu ráðgjafa og með ráðgefandi vinnuhópi. Safnið missti mikinn hluta húsakosts sinn í skriðunni og stendur uppi húsnæðislaust. Endurskoðun á stefnu og framtíð safnsins var hafin áður en skriðan féll en fer nú af stað af fullum þunga. Markmiðið er aðgerðaráætlun um endurreisn þess sem li-fandi safns er verður ómissandi þáttur í menningarstarfsemi Seyðisfjarðar, skapi a.m.k. 4 heilsársstörf og verði viðkomustaður ferðamanna og gesta. Móta þarf stefnu um söfnun og grisjun, miðlun og sýningahald, rekstur og rekstrarfyrirkomulag, framtíðarstaðsetningu og húsnæði.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Haraldur Halldórsson	Enduruppbygging Framhúsverkstæðis	kr. 1.000.000.-

Endurreisn trésmiðaverkstæðis sem fór í skriðunni og viðhald á verkþekkingu við að gera upp gömul hús. Verkefnið styrkir getu samfélagsins til að sinna húsaarfinum, einni dýrmætustu eign Seyðfirðinga.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Sören Björnshave Taul	Málmur welding studio	kr. 1.000.000.-

Málmur is a welding studio, which will take form as a workshop focused on metal craft. It prioritises special-made products aiming for both private and company customers for furniture, inventory and custom-made items. Málmur ehf will function as a laboratory, experimenting with aesthetics, construction and usability for everyday products. This will result in a refined and recognizable design-identity, leading customers to Seyðisfjorður. Málmur ehf will also initiate “open-workshop days”.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Nína Magnúsdóttir & Christoph Buchel	Seyði	kr. 1.000.000.-

The project is to cultivate and to collect wild growing plants with healing properties and sell them as raw local product (dried) and as essential oils, which are used widely in the cosmetic and culinary sector and for medicinal purposes. There are many powerful plants growing in Iceland and some specific to the east and many have never been transformed into local products. Research work is an essential part of the first phase.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Ströndin	Online Exhibition in memory of the landslide	kr. 600.000.-

Recording personal experiences of inhabitants in Seyðisfjörður that had to intervene or were affected by the landslides through interviews and photography. The exhibition will be online, also hoping to create new avenues for online exhibitions and to draw interest in the rebirth of the community and in reconstruction.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Ströndin	School of photography	kr. 600.000.-

Ströndin Studio's 2021 workshop series will bring together photographic professionals, teachers, artists and the community to learn about, share and develop analogue photography in East Iceland. During these workshops, participants will re-connect with film photography, while learning about its applications within the current field of contemporary photography. These courses will be targeted for those who wish to learn basic camera controls and darkroom techniques, create stunning portraits, dive into experimentation, or refresh knowledge. The program also seeks to connect photography students with professionals.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Flateyjarferðir	PVC gluggar og hurðir	kr. 500.000.-

Gerð viðskiptaáætlunar og þjálfunar starfsmanna með það að markmiði að koma á fót verksmiðju sem framleiðir glugga og hurðir úr plastefninu PVC sem skapa myndi a.m.k. tvö árgildi á Seyðisfirði á næstu fimm árum. Stefnt er að því að flytja aðföng með Norrænu frá birgjum í Danmörku eða Norður-Evrópu og þannig vinna gegn háum flutningskostnaði innanlands en helsti markhópur framleiðslunnar eru fasteignaeigendur á Austurlandi.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Fagurhóll	Aquaponics gróðurhús	kr. 500.000.-

Verkefni sem snýr að því að koma upp gróðurhúsi með lokuðu hringrásarkerfi vatns til matvælaframleiðslu. Fiskar og örverur eru ræktuð til að framleiða næringarefni til grænmetisræktunar.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Hilmar Guðjónsson	Bláskel og beltispari - rannsóknarverkefni	kr. 500.000.-

Rannsóknarvinna og þróunarstarf á viðskiptamódeli fyrir bláskelja- og beltispararækt í Seyðisfirði með matvælaræktun, atvinnustarfsemi, náttúruvernd og sjálfbærni að leiðarljósi.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Snotur	Rafverktaki Seyðisfjarðar	kr. 400.000.-

Verkefnið felst í að koma á fót löggiltum rafverktaka á Seyðisfirði, sem starfar á almennum markaði og mun leggja áherslu á að taka nema til þjálfunar til að auka við nýliðun í faginu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Hanna Christel Sigurkarlsdóttir	Línolíumálning á Seyðisfirði	kr. 300.000.-

Markmiðið er að framleiða línolíumálningu fyrir íslenskan markað. Línolíumálning er umhverfisvæn og endingargóð málning sem hefur verið notuð í gegnum aldirnar. Leitast verður við að nota náttúruleg litarefni. Ekki er auðvelt að verða sér út um línolíumálningu á Íslandi og er hún ekki framleidd á Íslandi og væri því nýjung. Hráefnið yrði flutt inn með Norrænu og sköpuð vistvæn vara fyrir fólk sem er að laga gömul hús með umhverfisvernd að leiðarljósi.

Verkefnisstjórn við úthlutun

- Gauti Jóhannesson, formaður
- Stefán Bogi Sveinsson
- Berglind Harpa Svavarsdóttir
- Einar Már Sigurðarson

Fagráð Hvatasjóðsins skipa

- Kristján Þ. Halldórsson, formaður
- Dagmar Ýr Stefánsdóttir
- Sindri K. Sigurðsson

